

Fundarritari: Krístrún Birgisdóttir

Dags: 29.1.2025

Tilefni: Skólanefndarfundur

Fundinn sátu: Sigríður, Petra, Róbert, Magnús, Sara, Edda, Ágúst, Margrét, Pétur og Krístrún sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Jenný

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Skólastarfið, skólameistari.

Magnús fór yfir það helsta sem hefur verið á döfinni á þeim þremur vikum sem liðnar eru á önninni. Skólanefnd fær sendan föstudagspóst skólameistara sem inniheldur flest allt það sem er að gerast í skólanum. Það sem Magnús nefndi t.d. var fyrirkomulag er varðar biðlista 1, nýtt kynningarmyndband fyrir fjarnám, nýtt Evrópuverkefni sem skólinn stýrir „We shape the future“, hugmyndir sem sendar voru í samráðsgátt ríkisstjórnar er varðar hagræðingu (minna húsnæði fyrir Námskraft), árangur í Gettu betur en lið skólans er komið í átta liða úrslit og þar með útsendingu í sjónvarpi. Alls eru 1458 nemendur í fjarnámið í upphafi annar, fundi 14.2. menntateymi Grænfánans þar sem m.a. er von á heimsókn frá umhverfisráðherra, skólaráðsfundi sem haldinn verður 30.1. Skólameistara hefur borist boðsbréf á málþing og uppskeruhátíð Sameykis – Stofnun ársins sem verður haldin í febrúar.

Spurningar: Er til tölfraði yfir nemendur sem eru í dagskóla FÁ og líka í fjarnámi? MI sagði að einfalt væri að ná í þær tölur.

Náðist í hóp í leiklist? MI sagði að það hefði náðst í fámennan hóp. Enn væri verið að vinna í þessu máli.

Var það í samning að FÁ greiddi húsaleigu fyrir Námskraft? Já, skólinn fær fjármagn fyrir húsaleigu sem og öðrum rekstri. Það breytir því þó ekki að það væri hægt að hagræða fyrir ríkið ef leigt yrði minna og hentugra húsnæði.

Getur skólinn ekki komið með hugmyndir um nýtt húsnæði eða betri samning um núverandi húsnæði? Ráðuneytið lét skólann yfirtaka samninginn. Fjármálastjóri skólans hefur verið í sambandi við hluteigandi aðila með að reyna að fá ýmsu breytt varðandi saminginn. Það gengur hægt. Skólameistari hefur bent ráðuneyti á húsnæði sem er nær skólanum sem hingað til hefur ekki skilað árangri.

3. Fjárhagsáætlun

Fjármálastjóri sýndi fjárhagsáætlun. Launakostnaður er 77% og er það sambærilegt við undanfarin ár. Enn er ekki hægt að sjá hver rauntala er varðandi húsnæði því enn vantar upplýsingar frá Fjársýslunni. Húsnæði fylgir vísitölu en skólar fá uppbætur ef laun hækka. Evrópuverkefni eru hætt að fara undir liðinn „ferðir og fundir“ en leyfi fékkst frá Fjársýslunni til að setja Evrópuverkefni beint inn á fjárvörslureikning.

Fjármálastjóri sendir skólanefnd yfir helstu útgjaldaliði.

4. Öryggismál skólans.

Aðstoðarskólameistari fór yfir fyrirkomulag öryggismála. Glærur verða sendar með fundargerð.

Spurningar: Þarf ekki að vera öryggisvörður frammi. Almennar umræður.

5. Önnur mál.

Hildur Jóhannsdóttir kemur á næsta fund og ræðir fjarnámið.

Frétt frá útskrift um dúx, ánægja með að fréttinni var breytt. Skólameistari sagði að búið væri að fara yfir málið og þetta kæmi vonandi ekki fyrir aftur.

Í Auglýsingu í fjarnáminu sem kom á undan eða eftir Gísla Marteini var talað um haustönn. Greinilegt að það hefur farið gömul auglýsing í loftið.

Fundi slitið klukkan 13:10 og næsti fundur boðaður 28. apríl klukkan 12:00